

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. 192 frá 29. október 2003 um skilyrði fyrir framkvæmd b-liðar 1. mgr. 50. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun nr. 193 frá 29. október 2003 um meðferð lífeyriskrafna ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun nr. 194 frá 17. desember 2003 um samræmda beitingu i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 í dvalarríkinu ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilmæli nr. 23 frá 29. október 2003 um meðferð lífeyriskrafna ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði VI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 3.67 (ákvörðun nr. 191):

„3.68 **32004 D 0324**: Ákvörðun nr. 192 frá 29. október 2003 um skilyrði fyrir framkvæmd b-liðar 1. mgr. 50. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 (Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 114).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 4. mgr. 2. liðar:

„ÍSLAND: Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 114.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 123.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 127.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 125.

LIECHTENSTEIN: Liechtensteinische Alters-, Hinterlassenen- und Invalidenversicherung (elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar Liechtensteins), Vaduz.

NOREGUR: Rikstrygdeverket (tryggingastofnun ríkisins), Ósló.“

3.69 **32004 D 0325**: Ákvörðun nr. 193 frá 29. október 2003 um meðferð lífeyriskrafna (Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 123).

3.70 **32004 D 0327**: Ákvörðun nr. 194 frá 17. desember 2003 um samræmda beitingu i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 í dvalarríkinu (Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 127).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4.8 (tilmæli nr. 21):

„4.9 **32004 H 0326**: Tilmæli nr. 23 frá 29. október 2003 um meðferð lífeyriskrafna (Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 125).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana nr. 192, 193 og 194 og tilmæla nr. 23, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.